

Rekstrarstjórn Nausts

Fundargerð 7. fundar rekstrarstjórnar Dvalarheimilisins Nausts haldinn mánudaginn 15. júní 2020, kl. 12 að Fjarðarvegi 3

Mætt: Kristín Kristjánsdóttir, Sigurður Þ. Guðmundsson í fjarfundarsambandi, Halldóra Pálsdóttir (í fjarfundarsambandi), Sólrún Siggeirsdóttir og Jónas Egilsson sveitarstjóri og formaður rekstrarstjórnar, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá og fundargerð

1. Rekstur líkhúss á svæðinu

Farið var yfir möguleika í stöðunni. Farið verður fram að þetta verði áfram í kirkjunni, en gegn viðunandi lausn. Einnig að rætt verði við HSN um þeirra komu að málinu, en ekki er tilgreint í lögum hver ber ábyrgð á geymslu látinna einstaklinga fram að útför. Jónas og Sigurður fylgja málinu eftir.

2. Starfsmannamál

2.1. Formleg uppsögn hjúkrunarforstjóra lögð fram. Hjúkrunarforstjóri er að hverfa í nám í ljósmæðrafræðum í haust. Samþykkt að fela sveitarstjóra falið að ganga frá starfslokasamningi. Staðan hefur verið auglýst. Frestur til umsókna er til og með 26. júní nk. Samþykkt að bjóða niðurgreiðslu á húsnæði ef með þarf.

2.2. Staða rekstrarstjóra og stjórnunarskipulag. Sólrún fór yfir hlutverk og verksvið rekstrarstjóra, innkaupastjóra og hjúkrunarforstjóra.

2.3. Launaáætlun 2020. Rekstraryfirlit fyrstu fjóra mánuði ársins kynnt. Kostnaður umfram áætlun, tekjur lægri, en skoða þarf forsendur betur fyrir áætluninni.

3. Minnispunktar frá fundum um málefni hjúkrunarheimila

Sólrún fór yfir helstu atriði umræðu á vegum sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga um stöðu hjúkrunarheimila og samskipta við ríkisvaldið.

4. Önnur mál

1.1. Farið yfir starfsmannamál einstaklinga.

1.2. Iðjuþjálfarinn er að reynast mjög vel.

1.3. Næsti fundur ákveðinn þegar umsóknir um stöðu hjúkrunarforstjóra liggja fyrir í lok mánaðarins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:06